



Sjálfsmynd eftir Daða Guðhjörnsdóttir



Sjálfsmynd eftir Jón Engilberts



Sjálfsmynd eftir Gunnlaug Scheving



Sjálfsmynd eftir Louísa Matthíasdóttur

Sjálfsmyndir á Kjarvalsstöðum

Fyrir viku hófst á Kjarvalsstöðum sýning á sjálfsmyndum íslenskra myndlistarmanna, allt frá Sigurði málara á síðustu öld til yngstu kynslóðarinnar. Þetta er meira að vöxtum en við hefði mátt búast; margt vel þekkt, en sem betur fer sumt sem ekki hefur sést áður og er hnýsilegt. Hér er víða farið út fyrir þá skilgreiningu, að portret hafi þá líkingu við fyrirmyndina, að þekkjanlegt sé. Með öðrum orðum; sé „dókúment“ varðandi útlitið á viðkomandi persónu. Hugtakið sjálfsmynd virðist vera mjög teygjanlegt. Listamaður gæti þessvegna lagt fram mynd af figúru úr fantasíu eins og Helgi Þorgils Friðjónsson og sagt; Þetta er ég. Eða hann gæti málað sjálfan sig með gersamlega framandlegt og ókunnugt andlit. Það verður víst bara að taka því; við lifum á tímum þegar allt er leyfilegt í listinni. Því fylgir óhjákvæmilega, að hægt er að sleppa „billega“ eins og Danir segja.

Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson og Ásgrímur Jónsson máluðu svo frábærar sjálfsmyndir, að flest af því sem síðan hefur verið gert, fellur í skuggann. Þarna er lítil og óþekkt sjálfsmynd Ásgríms, framúrskarandi vel máluð, en kannski eru myndir Jóns Stefánssonar bestar; unnar með miskunnarlausri sjálfsgagnrýni og af frábærri tilfinningu, sem óhætt er að segja að skari afskaplega mikið framúr sjálfsmyndum hinna yngri á þessari sýningu. Í svipuðum gæðaflokki, en ólíkar að vinnubrögðum, eru mörg portret Nínu Tryggvadóttur og sjálfsmynd hennar þar á meðal.

Af því sem sýnt er eftir núlifandi myndlistarfólk, er sjálfsmynd Sveins Björnssonar eftirminnilega góð og lík höfundinum þrátt fyrir grófleikann. Bæði sú mynd og sjálfsmynd Einars Hákonarsonar sýna verulega stílfærslu, sem „gengur upp“ og sama má að sjálfsgöðu segja um mynd Louísu Matthíasdóttur. Framlag þeirra sem eru undir fer-

tugu gerir sýninguna fjölbreyttari, en dregur meðaltalið í gæðalegu tilliti niður. Kannski er það merkasta við sýninguna, að hún brýnir myndlistarmenn til að vanrækja ekki sjálfsmyndina, sem öldum saman hefur þótt sjálfsagt viðfangsefni. Má minna á, að tímunum saman gaumgæfðu sumir afburðamenn listasögunnar einkum andlitið á sjálfum sér og skráðu ferli hnignunar og elli á miskunnarlausan hátt; einkum var Rembrandt þetta hugleikið. Með því eftirminnilegasta frá hendi van Goghs eru sjálfsmyndir hans og á þessari öld hefur Chagall verið atkvæðamikill í þessari grein, svo og Egon Schiele frá Austurríki sem túlkaði sjálfan sig á óvenjulega miskunnarlausan hátt. Sjálfskoðun af því tagi er sjaldgæf hjá íslenskum listarmönnum og ef hún kemur fram á sýningunni á Kjarvalsstöðum, þá er það einna helst í sjálfsmynd Jóhönnu Kristínar Yngvadóttur. GS.